

Valgreinar nemenda í 10. bekk  
Veturinn 2016 - 2017



Nemendur í 10. bekk velja valgreinar sem nema 8 kennslustundum á viku. Í stundatöflu eiga að vera 37 stundir á viku.

**Kjarni er 29 stundir á viku**

**og skiptist í:**

Íslenska **6 stundir**

Stærðfræði **5 stundir**

Enska **4 stundir**

Danska **3 stundir**

Náttúrufræði **3 stundir**


Íþróttir og sund **3 stundir**

Samfélagsfræði **3 stundir**

Umsjónartími **1 stund**

Lífsleikni **1 stund**

Hafið hugfast að **valgreinar eru ekki aukagreinar** heldur eru þær jafn mikilvægar og skyldugreinarnar og kröfur um ástundun og árangur eru á engan hátt minni í valgreinum en í skyldugreinum. Skoðið því þennan bækling vel og veljið í samvinnu við foreldra ykkar. **Þið veljið svo aftur um árámót.**



## Hljómsveitarval - 2 stundir á viku.

Það eru fullt af flottum og áhugasömum hljóðfæraleikurum og hæfileikaríkum söngvurum í Smáraskóla sem geta fengið tækifæri til að syngja og spila saman í vikulegum hljómsveitartímum. Hópurinn mun spila á uppákomum í skólanum eins og jólatrésskemntunum í desember.



## Spænska - 2 stundir á viku allan veturinn.

Nemendur fá tækifæri til að upplifa spænskuna eins og hún er notuð í daglegu lífi. Læra að tjá sig aðeins og nota málfræði, mynda einfaldar setningar, heilsa, kynna sig og þakka fyrir sig með viðeigandi orðalagi ásamt því að lesa stuttan texta án þess að skilja öll orð nákvæmlega.

Helstu viðfangsefni eru að nemandi læri um Spán og borgir Spánar. Læri að segja frá hvert maður ætlar og hvernig, segja frá hvað eitthvað er, spyrja til vegar, þanta hótélherbergi, tala um starf sitt, ræða við einhvern um að fara í bíó, kaupa dagblað, tala um fæðingar- og nafnadaga.

Unnar verða skriflegar umsagnir, verkefni og ritgerðir sem byggja á áhuga, vinnusemi, frumkvæði og vandvirkni. Spiluð verða spænsk spil og horft á spænskar myndir.

Spænskunámið verður með þeim hætti að tekin er fyrir ákveðin eining í hverjum tíma og henni lokið með lokaverkefni eða skyndiprófi.



## **Leirmótun - 2 stundir á viku.**

Farið er í undirstöðuatriði leirmótunar þar sem unnið er með form, mynsturgerð, glerunga og brennslur. Nemendur læra að vinna með ýmsum leiráhöldum. Unnið verður með tvær tegundir af jarðleir og notaðir verða glerjungs- og leirlitir.

Helstu viðfangsefni eru ýmist tvívíð og þrívíð verkefni þar sem sérstök áhersla verður lögð á hugmyndavinnu. Ítarleg þróunarvinna og tilraunir, s.s. skissuvinna. Mismunandi útgáfur og lausnir á formfræði, litafræði, myndbyggingu og útfærslu myndverka. Frágangur myndverka til sýningar.



## **Fatahönnun—textílmennt - 2 stundir í viku.**

Nemendur læra að sauma einfaldar flíkur á sig eða barnaföt. Læra að taka upp snið og þekkja helstu sniðamerkingar. Læra mun ólíkra fataefna. Læra að endurnýta föt/efni með því að sauma nýtt úr notuðu. Hvatt er til sjálfstæðis í vinnu og verkefnavali.



## Hönnun og smíði - 2 stundir á viku.

Markmið með þessu vali er að nemendur læri að sýna handverki virðingu og meti það að verðleikum. Geti sett fram og mótað eigin hugmyndir við gerð smíðisgripa. Sjálfstæði, öryggi og frumkvæði í vinnu og sköpun er metin til einkunna/umsagna. Markmiðið er einnig að nemendur læri að beita verkfærum rétt og nýti réttan öryggisbúnað. Nemendur læra einnig að temja sér góðan frágang verka og áhalda.



## Myndlist og endurvinnsla - 2 stundir á viku, allt skólaárið.

Farið verður í undirstöðuatriði myndlistar sem mun byggja á endurvinnslu allskonar efnis þar sem unnið er með tvívíð og þrívíð verkefni og sérstök áhersla verður lögð á hugmyndavinnu. Mismunandi útgáfur og lausnir á formfræði, litafræði, myndbyggingu og útfærslu myndverka, form, mynsturgerð, mótun, glerunga og brennslur.

Nemendur hugsa upp ný not fyrir hversdagslega hluti, svo sem herðatré, pappakassa, fernur, pappahólka úr klósettrúllum, álpappír, sælgætisbréf og íspinnaspýtur.

Einnig verða kynntar ýmsar leiðir í vatnslitamálung og sérstök áhersla lögð á að gera a.m.k. eina grafíska aðferð, t.d. dúkristu.



## Heimilisfræði - 2 stundir á viku.

Nemendum gefst kostur á að bæta við sig þekkingu í bakstri og eldamennsku léttra rétta. Einnig verður lögð áhersla á næringarfræði og hagkvæmni í heimilishaldi. Frágangur og mikilvægi snyrtimennsku verður metið til einkunna. Í þetta val ganga nemendur í 10. bekk fyrir.



## Iðnskólaval - 2 stundir á viku, allt skólaárið.

Nemendur kynnast ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi í Iðnskóla Hafnarfjarðar.

Nemendur velja sér þrjár af eftirfarandi níu greinum sem þeir vilja kynnast nánar: listnám (formlistir, sjónlistir), tréiðn, málmíðn, rafíðnir, hársnyrtiðn (kennt á Skólavörðuholti), Skipstjórn (kennt á Háteigsvegi), upplýsingatækni, pípulagnir og tækniteiknun.

Hvert námskeið er kennt í þremur samliggjandi tímum, í sex vikur í senn. Alls eru þetta því 18 vikur sem dreifast yfir allt skólaárið. Með þátttöku í þessari valgrein kynnast nemendur uppbyggingu iðnnáms og möguleikum til framhaldsmenntunar.



IÐNSKÓLINN  
Í HAFNARFIRÐI

## **Dungeons & Dragons - 2 stundir á viku.**

Kennari : Sonja Nikulásdóttir, frístundaleiðbeinandi í Þebu.

Markmið er að nemendur kynnist spilinu Pathfinder/Dungeons & Dragons. Að nemendur læri að vinna saman í hóp. Að byggja upp samkennd og samfélagslega ábyrgð meðal nemenda. Að nemendur kynnist mismunandi möguleikum í frístund.

Kennslan verður í formi spilatíma.

Námsmat: Vinna nemenda er metin eftir dugnaði og áhugasemi. Einnig eftir verkefnum sem þeir skila af sér. Hver nemandi fær munnlega umsögn í lok námskeiðs.



## **Árshátíðar– og viðburðarval - 2 kennslustundir á viku, bara kennt eftir áramót.**

Kennarar: Guðrún Svava Baldursdóttir og Jón Pálmar Björnsson, starfsfólk Þebu.

Markmið er að nemendur aðstoði við undirbúning og skipulagningu á árshátíð. Að nemendur aðstoði við undirbúning og skipulagningu í kringum Skólahreysti og aðra viðburði. Að læra verkefna- og viðburðastjórnun. Að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum og ábyrgð. Að byggja upp samkennd og samfélagslega ábyrgð meðal nemenda. Að nemendur kynnist starfsemi félagasamtaka.

Kennslan verður í formi verkefnavinnu og umræðna. Námsmat: Vinna nemenda er metin eftir dugnaði og áhugasemi. Einnig eftir verkefnum sem þeir skila af sér. Hver nemandi fær munnlega umsögn í lok námskeiðs.



## **Kvikmyndaval - 2 kennslustundir á viku, aðeins kennt fyrir áramót.**

Kennari : Jón Pálmar Björnsson, starfsmaður Þebu.

Markmið er að nemendur kynnist ólíkum kvikmyndastefnum, leikstjórum og leikurum. Að nemendur fái að kynna áhugaverðar kvikmyndir fyrir samnemendum sínum. Að nemendur kynnist því að flytja stutta fyrirlestra og tala fyrir framan hóp. Að opna heim kvikmynda og kvikmyndasögu fyrir nemendum.

Kennslan verður í formi kvikmyndasýninga, fyrirlestra kennara og nemenda og umræðna.

Námsmat: Vinna nemenda er metin eftir dugnaði og áhugasemi. Einnig eftir verkefnum sem þeir skila af sér. Hver nemandi fær munnlega umsögn í lok námskeiðs.



## **Skák - 2 stundir á viku.**

Smáraskóli hefur átt góðu gengi að fagna í skákíþróttinni síðastliðin ár og viljum við því bjóða upp á skákval. Skáksnillingar koma til með að kenna nemendum að leysa skákþrautir, skákmót verða haldin og farið verður með skáksveitir á skákmót.





## **Árbók - 2 stundir á viku, fyrir 10.bekk og aðeins kennt eftir áramót.**

Nemendur vinna við árbók útskriftarárgangs. Tilhögunin er þannig að þeir sem áhuga hafa á þessu vali vinna eftir áramót í tvær kennslustundir á viku. Tímasetningin er í samráði við kennara.




## **Forritunarval - 2 stundir á viku.**

Eftirsóttasta fólkið á Íslenskum vinnumarkaði í dag eru forritarar. Ýmsir möguleikar eru á því sviði, ekki síst vegna vinsælda spjaldtölva og snjallsíma.

Í valfaginu verða kennd grunnatriði forritunar og munur á forritunarmálum. Munur á forritun fyrir vefsíður, tölvur, spjaldtölvur, snjallsíma o.fl. skoðaður. Búin verða til ýmis forrit og einfalt smáforrit (app) fyrir snjallsíma.

Notkun snjallsíma og spjaldtölva snýst um margmiðlun. Til að brjóta upp beinharda forritunarvinnu verður einnig í valinu unnar hreyfimyndir, myndbandavinnsla, uppsetning rafróna o.s.frv.



## **Náttúrufræðival - 2 stundir á viku.**

Í náttúrufræðivali verður farið í stjörnufræði. Lögð verður áhersla á fjölbreyttar verklegar æfingar og tilraunir til að gæða kennsluna lífi. Markmiðið er að nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð í tilraunum, læri skýrslugerð og öðlist færni í að túlka niðurstöður. Einnig verður fari í vettvangsferðir.



## **Stærðfræðigrunnur - 1 stund á viku (aðstoð við heimanám).**

Í tímunum verður farið betur í þá þætti stærðfræðinnar sem nemendum þykja erfiðastir eða flóknastir. Nemendur fá aðstoð við að styrkja stoðirnar og aðstoð við heimanám. Þessir tímar eru fyrir þá sem þurfa/vilja meiri aðstoð og útskýringar.


**ÉG**   
**stærðfræði**

## Franska - 2 stundir á viku.

Inngangur að frönsku. Frönsk menning, siðir og venjur eru kynnt þar sem valdir þættir eru skoðaðir. Nemendur fá þjálfun í að bjarga sér á frönsku við einfaldar aðstæður. Farið er í byrjendaorðaforða og undirstöðuatriði í málfræði með áherslu á tjáskipti.


Nemandi kemur með A4 lausblaðamöppu og blöð.

Símat: Virkni í tímum. Ferilmappa, verkefni og blöð í möppu. Sjálfsmat.



## Íslenskugrunnur - 1 stund í viku (aðstoð við heimanám).

Nemendur hafa tækifæri til að fara betur í þau atriði sem þeir hafa ekki náð fullum tókum á. Þarna gefast tækifæri til að fá aðstoð við heimanám í íslensku ef nemendur eru í vandræðum. Þetta er val fyrir þá sem vilja meiri aðstoð/útskýringar.



## **Skíða- og brettaval - 1 stund á viku.**

Farið verður í nokkrar skíða- og brettaferðir yfir veturinn ásamt því að fundað verður reglulega. Þeir sem vilja taka þátt í þessu vali verða að eiga allan nauðsynlegan skíða- eða brettabúnað.



## **Íslendingasögur - 2 stundir á viku**

Lesum saman íslendingasögur og vinnum fjölbreytt og skemmtileg verkefni út frá þeim. Markmiðið er að hafa gaman, auka áhuga á lestri íslendingasagna og efla sjálfstæði í vinnubrögðum.



## Prjónaaval - 2 stundir á viku.

Lærðu að prjóna þína eigin lopapeysu. Nemendur fá að velja úr einföldum uppskriftum til að prjóna. Förum í heimsókn í Álafoss og fáum innsýn í framleiðsluferlið. Metið verður út frá virkni í tímum og áhuga.



## Tón- og hljómfræðival - 2 stundir á viku.

Undirstöðuatriði í tónfræði og hljómfræði. Lærðu að þekkja nótturnar, hljómana, nótnagildi, þagnir og form laga. Notast er við píanó/ hljómborð (og fleiri hljóðfæri sem koma að notum). Einfaldar útsetningar skoðaðar bæði í nótum og bókstafshljómum. Metið verður út frá virkni í tímum og áhuga og verkefnabók unnin.



## Fjölmiðlaráð

Hlutverk fjölmiðlaráðs er að:

- vera fréttamenn skólans – skrifa fréttir, taka myndir og video af viðburðum og frétt næmum atburðum og starfi í skólanum, vinna myndir og video og birta á samfélagsmiðlum, í blöðum og mögulega sjónvarpi.
- vera kennurum skólans til aðstoðar í uppákomum í sal – hljóðkerfi og sviðsstjórn.
- þróa með kennara frekari hlutverk sem fjölmiðlaráð ætti skv. mati nemenda að sinna.

Þeir sem sitja í fjölmiðlráði fá að:

- læra/vinna í ljósmyndun og myndvinnslu.
- læra/vinna í kvikmyndatökum og klippingum.
- læra að skrifa fréttir fyrir mismunandi miðla.
- kynna sér mismunandi fjölmiðla á fjölbreyttan máta.
- læra á hljóðkerfi skólans og æfa sig í sviðsstjórn.
- hafa áhrif á þróun fjölmiðlaráðs.

ATH. að seta í fjölmiðlaráði er ekki bundin í stundatöflu heldur verkefna miðuð og **MUN ÞÁTTAKA GILDA SEM VALGREIN.**

**Kæru nemendur vandið valið vel** - ekki verður hægt að skipta um val eftir að kennsla hefst næsta haust. Lesið lýsingar á valinu vel og kynnið ykkur áfangann.



- Til þess að hægt sé að halda uppi kenngslu í valgreinum þá þarf tiltekin lágmarksfjölda til að velja hana.
- Það er mikilvægt að nemendur og foreldrar geri sér grein fyrir að vanda þarf einnig valið á þeim greinum sem eru til vara (... þriðja val, fjórða val, fimmta val, sjötta val... ) því sumar greinar geta fallið niður sökum þátttökuleysis.
- Það er mjög áriðandi að nemendur íhugi vandlega hvaða valgreinar henti þeim best og færast ekki meira í fang en þeir ráði við.
- Til að hafa sem mesta fjölbreytni í vali gæti verið að nemendur í 8. 9. og 10. bekk blandast saman í einhverjum greinum.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er heimilt að meta skipulegt nám sem er stundað utan grunnskóla t.d. Nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Einnig er heimilt að meta reglubundna þátttöku í íþróttum, félagslífi eða skipulögðu sjálfboðastarfi. **Ef nemandi óskar eftir að slíkt sé metið í stundatöflu þarf alltaf að skila inn þartilgerðu blaði sem fæst hjá ritara og verður þjálfari/kennari og forráðamaður að skrifa upp á það.**

